

Reykjavík, 15. júní 2016

Til forstöðumanna ríkisstofnana og félagsmanna KVH

Efni: Staðlað form stofnanasamnings

Í kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, sem endurnýjaður var 10. nóvember 2015 og gildir til 31. mars 2019, var samið um nýja grein, gr. 11.5, sem er svohljóðandi:

„Í þeim tilvikum sem einn eða mjög fáir félagsmenn starfa á stofnun er heimilt að semja um ráðningarkjör, með vísan í staðlað form stofnanasamnings sem aðilar samnings þessa ganga frá.“

Í bókun með kjarasamningnum segir jafnframt að aðilar muni ganga frá þessu staðlaða formi sem nota skuli þegar reyni á ofangreinda grein. Þetta form fylgir hér á eftir.

Tilgangurinn er einkum sá að auðvelda stofnunum og félagsmönnum KVH að semja um ráðningarkjör með vísan í fyrirmynd eða staðlað form stofnanasamnings.


Þetta form eða fyrirmynd breytir þó ekki því að stéttarfélagið KVH eða ríkisstofnun, geta engu að síður farið fram á að gerður verði formlegur stofnanasamningur við viðkomandi stofnun, þar sem einn eða mjög fáir félagsmenn starfa, ef ekki hefur náðst viðunandi niðurstaða um launakjör.

Leiðbeiningar fylgja með stöðluðu formi stofnanasamnings, er skýra nánar hvernig nota skuli formið.


Jafnframt fylgir með svonefnt *launablað* sem nota má til staðfestingar launaröðunar og samsetningu heildarlauna, og þegar launabreytingar verða, svo auðveldara reynist fyrir báða aðila að staðfesta launaþróun viðkomandi starfsmanns.

Vakni spurningar um notkun þessa staðlaða forms, getur félagsmaður KVH snúið sér til stéttarfélagsins og ríkisstofnun til Kjara- og mannauðssýslu fjármálaráðuneytisins, til að fá nánari leiðbeiningar.

F.h. fjármála- og efnahagsráðherra


Jóna Ingrid Guðbergsdóttir

F.h. Kjarafélags viðskiptafræðinga
og hagfræðinga


Karen Ósk Petursson